
Hvað er á seyði um helgina

Hvað er á seyði um helgina



Gísli Sigurðsson við þrjú af verkum sínum sem hann hefur unnið eftir ljóði Einars Benediktssonar, Útsæ.

DV-mynd Einar Ólason.

Listsýning helgarinnar — Kjarvalsstöðum:

LEITAR FANGA Í LJÓÐABÓKUM

— Gísli Sigurðsson sýnir 60 verk

„Ef maður ákveður að leita sér fanga þá verður maður að leita þar til maður finnur það sem leitað var að," sagði Gísli Sigurðsson, blaða- og myndlistarmaður í samtali við DV. Gísli opnaði í gær sýningu á málverkum sínum að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru sextíu verk sem Gísli hefur unnið á undanförnum þremur árum. Öll sín viðfangsefni sækir hann í ljóðabækur og sagðist hafa í þeim tilgangi pælt í gegnum tvö hundruð ljóðabækur.

— Hefur þú þá mjög mikinn áhuga á ljóðum sjálfur? „Ljóðin eru eitthvað sem höfðar til mín. Ég er alltaf með ljóð í höndunum á Lesbókinni og það er kannski þess vegna sem ég sæki myndefni í ljóðin."

Í sýningarskrá birtir Gísli þau ljóð sem hann hefur unnið myndirnar eftir. Einar Benediktsson og Steinn Steinarr eru ofarlega á blaði hjá Gísla en auk þeirra eru mörg af þekktustu ljóðskáldum þessa lands.

Þetta er sjöunda einkasýning Gísla. Sýningin að Kjarvalsstöðum stendur til 10. maí og er hún í Kjarvalsstofu.

-ELA.



Hassið og Jói

Í kvöld er sýning á hinum nýja farsa Dario Fo, **Hassinu hennar mömmu.** Þar eru það **Margrét Ólafsdóttir, Gísli Halldórsson, Kjartan Ragnarsson og Emil Gunnar Guðmundsson** sem fara með stærstu hlutverkin en leikstjóri er **Jón Sigurbjörnsson.** Uppselt.

Á laugardagskvöldið er sýning á hinu vinsæla verki **Kjartans Ragnarssonar, Jóa,** sem sýnt hefur verið fyrir fullu húsi í allan vetur og sízt lát á aðsókn. **Hanna María Karlsdóttir, SigurðurKarlsson og Jóhann Sigurðarson** þykja sýna þar frábæran leik í aðalhlutverkunum. Þess má geta að nýlega eru hafnar æfingar hjá Leikfélaginu á nýju leikriti eftir Kjartan, Skilnaði, og verður það sýnt á Listahátíð í júní.

Sýningar

Djúpið

Engin sýning.

Gallerí 32, Hverfisgötu 32

Laugardaginn 17. apríl opnar Snorri G. Árnason (örækja) málverkasýningu í Gallerí 32 að Hverfisgötu 32, sýningin mun standa yfir til 30. apríl. Þetta er fyrsta opinbera sýning listamannsins í Reykjavík, en Snorri er Norðlendingur í húð og hár, fæddur og uppalinn á Dalvík.

Snorri sýnir olíumálverk og pastelmyndir í Gallerínu til 30. apríl eins og fyrr greinir og verður sýningin opin frá kl. 14.00—22.00:

Ókeypis aðgangur.

Ljósmyndasýning að Kjarvalsstöðum

Dagana 22. apríl til 2. maí nk. verður haldin að Kjarvalsstöðum ljósmyndasýning á vegum ljósmyndaklúbbsins HUGMYND '81. Verða þar sýndar 60 myndir eftir 30 félaga klúbbsins. Verða myndir þessar bæði svarthvítar og litmyndir.

Klúbbur þessi er áhugamannafélag og hefur verið starfandi í rúmt ár.

Samkomur

Frá Félagi sálfræðinema

Félag sálfræðinema við Háskóla Íslands efnir til málþings laugardaginn 24. apríl kl. 13.30 í Félagsstofnun stúdenta.

Umræðuefnið verður: Hvernig verður mannshugurinn rannsakaður?

Fyrirlesarar verða: Anna Valdemarsdóttir sálfræðingur, Jörgen Pind sálfræðingur, Páll Skúlason, prófessor í heimspeki. Áhugafólk er eindregið hvatt til að mæta.

Frá Guðspekifélaginu

Kaffisala verður á vegum þjónustureglunnar sunnudaginn 25. apríl kl. 15 í Templarahöllinni. Allir velkomnir. Kr. 50 fyrir fullorðna.

Opið um helgina
KLÚBBURINN

Þórscafe
Staður hinna vandlátu
Galdrakarlar
Diskótek.

Fundir

Hvítabandskonur halda fund á Hallveigarstöðum á morgun laugardag klukkan 14. Fundarefni: Afgreiðsla áríðandi mála.

Skemmtanir

Skemmtistaðir

Klúbburinn: Föstudags- og laugardagskvöld mun hljómsveitin **Á rás eitt** leika fyrir dansi og dynjandi diskótek á tveim hæðum og einnig munu koma fram erlendir skemmtikraftar.

SIGTÚN: Opið föstudags- og laugardagskvöld, bingó, spilað á laugardag klukkan 14.

BROADWAY: Húsið opnarð klukkan 19, fyrir matargesti, **föstudagskvöld:** Útsýnarkvöld, **laugardagskvöld:** dansleikur með skemmtiatriðum. **Sunnudagur** Framsóknarflokkurinn með fjölskylduskemmtun frá klukkan 15—17. Diskótek um kvöldið. **HOLLYWOOD:** Dynjandi diskó alla helgina.

GLÆSIBÆR: Grétar Laufdal verður í diskótekinu um helgina frá klukkan 10—03, það er diskósalur 74'', tónlistin úr safni ferðadiskóteksins. Grétar býður alla velkomna og óskar gestum góðrar skemmtunar. Hljómsveitin Glæsir leikur fyrir dansi í öðrum sal hússins öll kvöld helgarinnar.

ÞÓRSCAFÉ: Kabarettinn kætir alla. Galdrakarlar leika sín beztu lög, diskótek á neðri hæð, opið öll kvöld helgarinnar.

LINDARBÆR: Laugardagskvöld, gömlu dansarnir. Valgerður Þórisdóttir syngur undir leik hljómsveitar Rúts Kr. Hannessonar.

ÓÐAL: Opið öll kvöld helgarinnar, Fanney og Dóri skiptast á að snúa plötunum við.

SNEKKJAN: Dansbandið leikur föstudags- og laugardagskvöld. Matsölustaðurinn Skútan opin sömu kvöld.

HÓTEL BORG: Diskótekið Dísa sér um diskósnúninga bæði föstudags- og laugardagskvöld. Sunnudagskvöld verður hljómsveit Jóns Sigurðssonar með tónlist af vönduðu tagi sem hæfir gömlu dönsunum.

HREYFILSHÚSIÐ: Opið laugardagskvöld, gömlu dansarnir.

LEIKHÚSKJALLARINN: Föstudags- og laugardagskvöld — „kjallarakvöld" skemmtiþáttur 1 og 2 í kjallaranum „dúa".

HÓTEL SAGA: Hljómsveit Ragga Bjarna sér um fjörið á laugardagskvöldið.

Sumarfagnaður

Sumarfagnaður fyrir þroskahefta verður haldinn í Tónabæ laugardaginn 24. apríl nk. klukkan 20—23.30. Hljómsveitin Aría leikur fyrir dansi.

Matsölustaðir

REYKJAVÍK

ASKUR, Laugavegi 28 B. Símar 18385 og 29355: Opið kl. 9—24 alla daga. Vínveitingar frá kl. 18 virka daga og allan daginn á sunnudögum.

ASKUR, Suðurlandsbraut 14. Sími 81344: Opið kl. 11—23.30.

TORFAN Amtmannsstíg, sími 13303: Opið alla daga vikunnar frá klukkan 10.00—23.30. Vínveitingar.

KOKKHÚSIÐ Lækjargötu 8, sími 10340: Opið alla daga vikunnar frá klukkan 9.00—21 nema sunnudaga er opið frá klukkan 10.00—21.00.

TOMMABORGARAR Grensásvegi 7, sími 84405: Opið alla daga frá klukkan 11.00—23.00.

SVARTA PANNAN á horninu á Tryggvagötu og Pósthússtrætis, sími 16480: Opið alla daga frá klukkan 11.00—23.30.

GOSBRUNNURINN Laugavegi 116, sími 10312. Opið virka daga frá klukkan 8.00—21.00 og sunnudaga frá klukkan 9.00—21.00.

ASKUR, næturþjónusta, sími 71355: Opið á föstudags- og laugardagsnóttum til klukkan 5.00, sent heim.

WINNIS, Laugavegi 116, sími 25171: Opið alla daga vikunnar frá klukkan 11.30—23.30.

LÆKJARBREKKA við Bankastræti 2, sími 14430: Opið alla daga frá klukkan 8.30—23.30 nema sunnudaga, þá er opið frá klukkan 10.00—23.30. Vínveitingar.

ARNARHÓLL, Hverfisgötu 8—10, sími 18833: Opið alla virka daga í hádeginu frá klukkan 12.00—15.00 og alla daga frá kl. 18.00—23.30. Á föstudags og laugardagskvöldum leika Magnús Kjartansson og Finnbogi Kjartansson í Koniakklúbbnum, vínveitingar.

MENSA, veitingastofa Lækjargötu 2, 2. hæð, sími 11730: Opið alla daga nema sunnudaga frá klukkan 10.00—19.00 og sunnudaga frá klukkan 14.00—18.00.

POTTURINN OG PANNAN, Brautarholti 22: Opið frá 8.00—23.30.

RÁN, Skólavörðustíg 12, sími 10848: Opið klukkan 11.30—23.30, léttar vínveitingar.

BRAUÐBÆR Þórsgötu 1, við Óðinstorg. Sími 25090: Opið kl. 9—23.30 virka daga og 10—23.30 á sunnudögum.

ESJUBERG, Hótel Esju, Suðurlandsbraut 2. Sími 82200: Opið kl. 7—22. Vínveitingar.

HOLLYWOOD, Ármúla 5. Borðapantanir í síma 83715. Matur framreiddur kl. 21—23 öll kvöld vikunnar. Vínveitingar.

HORNIÐ, Hafnarstræti 16. Sími 13340: Opið kl. 11—23.30.

HÓTEL HOLT, Bergstaðastræti 37. Borðapantanir í síma 21011. Opið kl. 12—14.30 og 19—23.30. Vínveitingar.

HÓTEL LOFTLEIÐIR, Reykjavíkurflugvelli. Borðapantanir í síma 22321: Blómasalur er opinn kl. 8—9.30. (morgunmatur), 12—14.30 og 19—22.30. Vínveitingar. Borðapantanir í Súlnasal í síma 20221. Matur er framreiddur föstudaga og laugardaga kl. 19—21. Vínveitingar.

KAFFIVAGNINN, Grandagarði 10. Símar 12509 og 15932. Opið kl. 4 eftir miðnætti til kl. 23.30. Vínveitingar.

KRÁIN við Hlemmtorg. Sími 24631. Opið alla daga kl. 9—22.

LAUGÁS, Laugarásvegi 1. Sími 31620. Opið 8—24.

NAUST, Vesturgötu 6—8: Borðapantanir í síma 17759. Opið alla daga kl. 11—23.30.

NESSÝ, Austurstræti 22. Sími 11340. Opið kl. 11—23.30 alla daga.

ÓÐAL við Austurvöll. Borðapantanir í síma 11322. Matur framreiddur kl. 21—01 sunnudaga til fimmtudaga, kl. 21—03 föstudaga og laugardaga.

ÞÓRSCAFE, Brautarholti 20. Borðapantanir í síma 23333. Matur framreiddur föstudaga og laugardaga kl. 20—22. Vínveitingar.

AKUREYRI

BAUTINN og SMIÐJAN, Hafnarstræti 22. Sími 96-21818. Bautinn er opinn alla daga kl. 9.30—21.30. Smiðjan er opin mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 18.30—21.30. Föstudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 11.30—14 og 18.30—21.30. Vínveitingar.,

HÓTEL KEA, Hafnarstræti 87—89. Sími 96—22200. Opið kl. 19—23.30, matur framreiddur til kl. 21.45. Vínveitingar.

HAFNARFJÖRÐUR

GAFL-INN, Dalshrauni 13. Sími 54424. Opið alla daga kl. 8—23.30. Sunnudaga kl. 17—21 er opinn veizlusalur með heita og kalda rétti og vínveitingar.

SNEKKJAN og SKÚTAN, Strandgötu 1—3. Borðapantanir í síma 52502. Skútan er opin 9—21 sunnudaga til fimmtudaga og 9—22 föstudaga og laugardaga. Matur er framreiddur í Snekkjunni á laugardögum kl. 21—22.30.

AKRANES

STILLHOLT, Stillholti 2. Sími 93-2778. Opið kl. 9.30—21 virka daga og 9.30—22 laugardaga og sunnudaga. Léttar vínveitingar eftir kl. 18.

Sýning helguð Halldóri Laxness í MÍR-salnum

Sett hefur verið upp sýning í MÍR-salnum að Lindargötu 48 helguð Halldóri Laxness í tilefni af áttræðisafmæli hans. Sýndar eru svartlistarmyndir, bókaskreytingar við útgáfu Atómstöðvarinnar á hvítrússnesku og ljósmyndir, plaköt og leikskrár frá sýningu Malí-leikhússins í Moskvu á Silfurtunglinu á árunum 1955—57.

Þá eru á sýningunni ljósmyndir af Halldóri, tengdar starfi hans í MÍR en hann var forseti félagsins frá stofnun þess 1950 í nær tvo áratugi. Laxness-sýningin ásamt sýningu ljósmynda frá Dúshanbe, höfuðborg Sovét-Tadsjikistan, var opnuð á þriðjudagskvöld.

-ELA.